

Fundur svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

Gljúfrastofu 23.janúar. 2014

Mættir 09.00: Sigprúður Stella Jóhannsdóttir frá umhverfisverndarsamtökum, Böðvar Pétursson Skútustaðahrepp , Friðrika Sigurgeirssdóttir frá Þingeyjarsveit, Grétar Ingvarsson frá samtökum útivistarféлага og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð. Þórður Ólafsson sat lok fundar undir dagskrárlið 2.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Tillaga að rekstraráætlun fyrir norðursvæði 2014.
3. Atvinnustefna (gögn send í desember).
4. Hjólreiðar á norðursvæði (sjá fundargerð stjórnar frá 18 des 2013).
5. Þekkingarsetur í Mývatnssveit.
6. Önnur mál.
 1. Böðvar býður fundarmenn velkomna, stingur upp á að liður 2 verði tekin í lokin vegna seinkunar Þórðar Ólafssonar
 2. Þórður kynnti tillögu að rekstraráætlun. Hjörleifur benti á að jafnvel þótt ekki væri um að ræða niðurskurð á landvörslu á milli ára á rekstraráætlun þjóðgarðsins sjálfs, verði þó skorið verulega niður á milli ára. Ástæðan væri sú að 2013 naut þjóðgarðurinn vinnukrafta í tíu mannmánuði kostaða af Vinnumálastofnun og í fimm mannmánuði vegna séráttaks síðustu ríkisstjórnar í landvörslu. Raunniðurskurðurinn sé því u.þ.b. 45 vikur af 235 sem voru til ráðstöfunar 2013. Fundarmenn voru sammála um að mun meira fé þurfi til reksturs þjóðgarðsins og að raun sé vegið að undirstöðum ferðþjónustu í landinu með niðurskurði þegar fjölgun ferðamanna kallar á aukningu landvörslu og reksturs.
Að öðru leyti vour ekki gerðar einstakar athugasemdir við rekstraráætlun og tillagan samþykkt.
 3. Drög að Atvinnustefnu voru send út til svæðisráðs í desember. Umræður fóru fram um þessi drög. Fundarmenn töldu allnokkuð vanta upp á að heildstæð atvinnustefna væri til staðar, mikilvægustu gerðina af samningi vant; forgangsréttarsamninga. Stella taldi grunninn í stefnumótun atvinnustefnunnar vanta, þ.e hvaða starfsemi þjóðgarðurinn telji yfirhöfuð eðlilega og æskilega innan þjóðgarðs. Mikið rætt um forgangsréttarsamninga að takmörkuðum gæðum, hvernig skyldi skilgreina takmörkuð gæði og hvaða viðmið ættu að ráð för að velja einn aðila fremur en annan.
Hugsanleg forgangsréttarþjónusta:
Gistþjónusta, allt frá tjöldun að hótulgistingu
Veitingasala innan þjóðgarðs
Afpreying sem þarf aðstöðu innan þjóðgarðs.

Að umræðu lokinn var farið yfir lista yfir hagsmunaðila og eftirfarandi fyrirtækjum bætt á hann: Hestamannafélagið Feykir, Björgunarsveitin Stefán, Gísli Rafn, Geo travel, Fjallasýn, Saga travel, Sumarbúðirnar við Ástjörn og Mýflug.

4. Böðvar kynnti málið. Eftir stutta umræðu voru fundarmenn sammála um að þjóðgarðsvörður byði fulltrúum Hjólreiðamanna í heimsókn á komandi sumri til að fara yfir hvernig hægt væri að koma til móts við þarfir hjólreiðamanna.
5. Hjörleifur stakk upp á því að kannaðar yrðu forsendur uppbyggingar þekkingarseturs í Mývatnssveit, án sérstaks framlags ríkisins á fjárlögum. Fundarmenn sammála að slíkt þyrfti að kanna m.a. vegna þess að menn þyrftu að vera tilbúnir þegar hægara yrði með ríkisfjármálin.
6. Engin önnur mál